

**Drög að ályktunum lögð fyrir Landsfund
Samfylkingarinnar
Egilshöll, 13. og 14. apríl 2007**

Efnisyfirlit

<u>Jöfn tækifæri óháð búsetu</u>	3
<u>Kynjajafnrétti og kvenfrelsi</u>	4
<u>Aldraðir eiga betra skilið</u>	5
<u>Nýtt jafnvægi í efnahagsmálum</u>	6
<u>Traust og skapandi atvinnulíf</u>	7
<u>Fagra Ísland – náttúruvernd og auðlindir</u>	8
<u>Unga Ísland, fjölskyldan og endurreisn velferðarkerfisins</u>	10
<u>Heilbrigðisþjónusta á Íslandi - í fremstu röð</u>	11
<u>Grunnur framtíðar - allir geta lært!</u>	12
<u>Menning og listir – arfur og nýsköpun</u>	113
<u>Lifandi lýðræði</u>	15
<u>Mannréttindi í verki</u>	16
<u>Ísland og umheimurinn</u>	17

Jöfn tækifæri óháð búsetu

Jöfn tækifæri fólks óháð búsetu á landsbyggð eða í höfuðborg eru grundvallarhugtök í byggðastefnu Samfylkingarinnar. Við viljum tryggja að allir landsmenn eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu og fái notið sambærilegra lífskjara.

Samfylkingin vill:

1. Ráðast í stóráttak í samgöngumálum í þeim tilgangi að stytta vegalengdir, t.d. með jarðgöngum til að auka öryggi vegfarenda, sameina atvinnusvæði og tryggja íbúum greiðan aðgang að allri helstu þjónustu.
2. Endurvekja strandsiglingar sem hagkvæman kost í flutningum.
3. Lækka flutningskostnað.
4. Tryggja öllum íbúum landsins aðgang að háhraða nettenginum á sömu kjörum og á höfuðborgarsvæðinu.
5. Tryggja öruggt farsímasamband á öllum helstu þjóðvegum landsins
6. Byggja upp net háskólastofnana á landsbyggðinni.
7. Skilgreina þau störf á vegum ríkisins sem eru óháð staðsetningu með það í huga að gera íbúum hvar sem er á landinu mögulegt að sinna þeim. Stefnt verður að því að á næsta kjörtímabili verði 1200 slík störf laus til umsóknar.
8. Endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að efla sveitarfélögin og færa til þeirra ný verkefni svo sem framhaldsskólann, málefni fatlaðra og aldraðra og nýja tekjustofna svo sem hlutdeild í fjármagnstekjuskatti.
9. Tryggja öfluga heilsugæslu og góða þjónustu sjúkrahúsa á landsbyggðinni
10. Tengja stærri heilbrigðisstofnanir betur við þjónustusvæði sín með öruggari samgöngum í lofti og á landi.
11. Styrkja menningarstarf á landsbyggðinni og menningartengda ferðaþjónustu
12. Tvöfalda jöfnunarsjóðs til náms.
13. Efla fornleifasjóð til fornleifauppgreftrar m.a. til að efla menningartengda ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
14. Tryggja bændum athafnafrelsi til vöruþróunar, frekari vinnslu og sölu eigin afurða.
15. Þróa stuðning við búsetu í sveitum t.d. með byggðatengdum greiðslum.
16. Efla íslenskan landbúnað og tryggja honum bættu stöðu með áherslu á fullvinnslu og hreinleika afurðanna.
17. Leita allra leiða til að lækka rekstrarkostnað í landbúnaði svo sem fóður-, flutnings- og raforkukostnað.
18. Beita sér fyrir sérstöku átaksverkefni til næstu ára í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni.
19. Setja af stað staðbundin vaxtarverkefni til að snúa við neikvæðri byggðapróun.
20. Tryggja að ríkisvaldið gæti meðalhófs í kröfugerð sinni um þjóðlendur og leiti sátta við landeigendur og virði þinglýsta eignarsamninga.

Kynjajafnrétti og kvenfrelsi

Kynjajafnrétti er ein af grunnstoðum jafnaðarstefnunnar. Í orðinu felst ekki eingöngu að karlar og konur hafi jafnan rétt að lögum heldur einnig að kynin hafi jafna möguleika á að nýta sér rétt sinn.

Samfylkingin lýsir yfir skýrum pólitískum vilja til að koma á fullu jafnrétti milli karla og kvenna og er reiðubúin að axla ábyrgð á árangri á þeim vettvangi komist hún til valda.

Samfylkingin vill:

1. Minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu um að minnsta kosti helming á næsta kjörtímabili, með það að markmiði að útrýma honum að fullu.
2. Vinna að endurmati á störfum á vegum ríkisins með það að markmiði að bæta launakjör hefðbundinna kvennastétta svo sem í uppeldis- og umönnunarstörfum.
3. Afnema launaleynd og veita Jafnréttisstofu heimildir til að rannsaka og afla gagna sé grunur um að jafnréttislög séu brotin.
4. Samþætta jafnréttissjónarmið inn í stefnumótun stjórnvalda á öllum sviðum og fela forsætisráðuneytinu ábyrgð á að fylgja henni eftir.
5. Tryggja að í stjórnkerfinu sé fjármagn og fólk með þekkingu til að sinna jafnréttisstarfi framkvæmd þess og eftirfylgni.
6. Tryggja jafnræði kynjanna í ríkisstjórn og að Ísland verði meðal þeirra landa þar sem hlutfall kvenna í stjórnámálum er hvað hæst.
7. Jafnt hlutfall kvenna og karla í hópi forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana.
8. Vinna að auknum hlut kvenna í stjórnnum og ráðum á almennum vinnumarkaði og í stjórnnum almenningshlutafélaga. Fyrirtækjum verði gefið 4 ára ráðrúm til að rétta hlut kvenna en lög sett að öðrum kosti.
9. Samþykkja á Alþingi ný jafnréttislög sem miðist við frumvarpsdrögin frá nefnd Guðrúnar Erlendsdóttur með öðrum mikilvægum réttarbótum og skiplagsbreytingum sem þar er að finna, m.a. um að kærunefnd jafnréttismáala fái úrskurðarvald.
10. Hefja virka baráttu gegn klámvæðingu í samfélaginu, vinna gegn mansali og gera kaup á vændi refsivert.
11. Endurskoða í heild sinni refsilöggjöf sem lýtur að kynbundnu ofbeldi. Þar verði m.a. fjallað um refsiramma kynferðisglæpa, skilgreiningu nauðgunar, kaupendur vændis, fyrningu kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum og réttarfarslegar umbætur í heimilsofbeldismálum þannig að viðurlög beinist að brotamanni og verði í samræmi við alvarleika brotsins.
12. Tryggja að konur af erlendum uppruna missi ekki dvalarleyfi sitt eftir skilnað við íslenska eiginmenn sína.
13. Bæta stöðu ungra einstæðra foreldra m.a. með því að tryggja rétt þeirra til að ljúka námi í framhaldsskóla með náms- og framfærslustyrk, óháð búsetu.

Aldraðir eiga betra skilið

Mikilvægasta verkefni næstu ríkisstjórnar verður að leysa hjúkrunarvandann þannig að allir eldri borgarar sem þurfa geti fengið inni á hjúkrunarheimili. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur ójöfnuður aukist verulega í samfélaginu og eldri borgarar hafa ekki farið varhluta af þeirri óheillaþróun. Þess vegna hafa þeir settið eftir í lífskjörum. Samfylkingin hyggst setja málefni eldri borgara í forgang.

Samfylkingin vill:

1. Ráðast í stóratök við uppbyggingu fjölbreytilegra búsetuúrræða fyrir eldri borgara svo sem með þjónustu- og öryggisbúðum og auka heimahjúkrun til muna.
2. Útrýma biðlistum eftir hjúkrunarrýmum og afnema þvingaða samvist aldraðra á hjúkrunarheimilum með því að tryggja að þar verði nægt framboð sérþýla.
3. Tryggja að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra renni að fullu til uppbyggingar hjúkrunarheimila og annara öldrunarstofnana.
4. Byggja 300-400 ný hjúkrunarrými á næstu tveimur árum.
5. Tryggja að lífeyrir mæti framfærslu lífeyrisþega eins og hún mælist í neyslukönnun Hagstofu Íslands hverju sinni. Leiðrétting fari fram í áföngum.
6. Lækka skatta á lífeyrissjóðsgreiðslum úr 35,72% í 10%. Útfærslan verður ákveðin í samráði við samtök lífeyrisþega.
7. Hækka frítekjumark vegna tekna aldraðra í 100 þús. kr. Það gildi jafnt um lífeyris- og atvinnutekjur.
8. Afnema skerðingu á tryggingabótum ellilífeyrisþega vegna tekna maka.
9. Hækka skattleysismörk áföngum á næsta kjörtímabili og láta þau fylgja breytingum á launavísitölu. Ef þessari reglu hefði verið fylgt væru skattleysismörk nú 136 þús. kr. í stað 90 þús. kr.
10. Flytja málefni eldri borgara til sveitarfélaga þar sem því verður við komið og finna leiðir til að gera sveitarfélögum kleift að bæta heimilishjálpi félagsþjónustunnar.
11. Stofna embætti umboðsmanns aldraðra.

Nýtt jafnvægi í efnahagsmálum

Brýnasta hagsmunamál heimilanna og fyrirtækjanna í landinu er að endurheimta jafnvægi í efnahagslífinu og tryggja þannig lága verðbólgu og lágt vaxtastig. Jafnvægi í efnahagsmálum er í senn forsenda varanlegra framfara í þjóðarbúskapnum og jöfnuðar í samfélaginu. Óstöðugleiki í efnahagsmálum með gengissveiflum og verðbólgu rýrir lífskjör allra. Endurskoða þarf skattkerfið og almannatryggingarnar til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks og leggja grunn að réttlátari tekjuskiptingu.

Samfylkingin vill:

1. Efna til náins samstarfs milli ríkisins, helstu aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um aðgerðir á sviði efnahags- og félagsmála sem myndað geti þjóðarsátt um nýtt jafnvægi í efnahagsmálum.
2. Tryggja nauðsynlegt jafnvægi og ábyrgð í hagkerfinu sem er forsenda þess að vextir og verðbólga lækki til muna og gengisstöðugleiki aukist.
3. Bæta skipulag hagstjórnar af opinberri hálfu til þess að efnahagsaðgerðir verði samstilltar og markvissar.
4. Endurskoða framkvæmdir við stórvirkjanir og tengdar framkvæmdir bæði með tilliti til umhverfissjónarmiða og jafnvægis í efnahagsmálum.
5. Koma á ábyrgri fjármálastjórn hjá ríkinu, endurskoða skipulag við gerð fjárlaga og eftirlit með framkvæmd þeirra.
6. Endurskoða skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga og efla getu sveitarfélaganna til þess að taka að sér aukin verkefni á sviði félags- og heilbrigðismála.
7. Tryggja sjálfstæði Seðlabankans og hverfa frá pólitískum ráðningum í embætti Seðlabankastjóra.
8. Setja hagstjórninni þau markmið að þjóðin hafi í næstu framtíð raunhæft val um inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru.
9. Efla samkeppniseftirlit og neytendavitund almennings og berjast gegn hvers kyns samkeppnishamlandi aðgerðum fyrirtækja. Auka heimildir samkeppnisyfirvalda til að setja skorður á atferli fyrirtækja sem samræmist ekki virkri samkeppni.
10. Kveða á um upplýsingaskyldu framleiðenda og seljenda varnings um uppruna og innihald þess sem selt er.
11. Hækkun skattleysismarka í áföngum.
12. Draga úr tekjutengingu barnabóta
13. Vægari skerðingu bóta almannatrygginga vegna tekna lífeyrisþega.
14. Lækkun skatta á lífeyrissjóðsgreiðslum úr 35,72% og niður í 10%.
15. Afnema stimpilgjöld af lánnum vegna húsnæðisakaupa.
16. Afnema vörugjöld og fella niður tolla af matvælum í áföngum í samráði við bændur.
17. Skattaívilnanir vegna framlaga fyrirtækja og einstaklinga til menningar, vísinda og líknarmála.
18. Lækka virðisaukaskatt af lyfjum úr 24,5% í 7%.
19. Gagnsærra og réttlátara skattkerfi þar sem „grænir skattar“ fá aukið vægi. Skattlagning orkugjafa og mengandi starfsemi verði endurskoðuð út frá umhverfissjónarmiðum.
20. Undirbúa samræmda gjaldtöku fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Traust og skapandi atvinnulíf

Öflugt, skapandi og traust atvinnulíf er ásamt ábyrgri stjórn efnahagsmála undirstaða velferðarsamfélagsins. Brýnt er að skapa fyrirtækjunum í landinu hagstæð rekstrarskilyrði og stöðugleika, ekki síst undirstöðu- og útflutningsgreinum. Einnig er nauðsynlegt að búa vaxtarsprotum atvinnulífsins góð skilyrði til þess að auka á fjölbreytni og alþjóðlega samkeppnishæfni atvinnulífsins, jafnan hagvöxt og almenna velsæld.

Samfylkingin vill:

1. Tryggja jafnræði á milli atvinnugreina gagnvart stjórnkerfi ríkisins og sameina málefni atvinnulífsins í stjórnarráðinu í eitt atvinnuáráðuneyti.
2. Hefja áratug hátækninnar með samræmdum aðgerðum í þágu þekkingariðnaðarins.
3. Fjórvalda framlag í Rannsóknarsjóð og Tækniþróunarsjóð á næstu 4 árum.
4. Breyta lögum um tekju- og eignaskatt til að heimila skattaívilnanir sem örva fjárfestingar einstaklinga í sprotafyrirtækjum.
5. Heimila endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar að ákveðnu hámarki.
6. Hvetja til nýsköpunar í anda grænnar atvinnustefnu og sjálfbærrar þróunar.
7. Virkja þá þekkingu sem hefur orðið til á Íslandi við nýtingu jarðhita og vatnsafls í verkefnum um allan heim og hvetja til útrásar á því sviði
8. Efla ferðaþjónustuna með stórauðslu áherslu á rannsóknarstarf í greininni, stöðugra viðskiptaumhverfi, aukinni áherslu á verndun sem eina tegund nýtingar náttúrunnar, bættum samgöngum, með aðstoð við fjárfestingu í innviðum greinarinnar svo sem söfnum, upplýsingamiðstöðvum og gistiheimilum og með stuðningi við nýsköpun í greininni sem m.a. miði að því að lengja ferðamannatímamann og bæta nýtingu á fjárfestingum.
9. Skapa hagstætt rekstrarumhverfi fyrir fyrirtæki í fjármálaþjónustu sem standist fyllilega samkeppni við það sem best gerist í öðrum löndum.
10. Koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um leiðir til að vinna bug á kynbundnum launamun og þeim hindrunum sem eru á framgangi kvenna í atvinnulífinu til að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.
11. Lækka rekstrarkostnað í landbúnaði svo sem fóður-, flutnings- og raforkukostnað.
12. Hverfa frá miðstýringu í landbúnaði, auka frelsi bænda til þróunar og fullvinnslu matvæla og skapa ný tækifæri til atvinnuþróunar í landbúnaði.
13. Breyta formi stuðnings við landbúnað að hluta í óframleiðslutengdar greiðslur og grænar byggðagreiðslur í samráði við bændur.
14. Efla starfsmenntun og endurmenntun fólks á vinnumarkaði, með áherslu á landsbyggðina.
15. Þjóðareign á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar verði bundin í stjórnarskrá.
16. Skapa sátt um nýtingu auðlinda hafsins með þátttöku allra helstu hagsmunaaðila.
17. Breytingarnar tryggji útgerðinni starfsgrundvöll til framtíðar, valdi sem minnstri röskun í greininni en létti aðgang nýliða að útgerð.

Fagra Ísland – náttúruvernd og auðlindir

Umhverfismál eru á meðal brýnustu verkefna næstu ríkisstjórnar. Að mati Samfylkingarinnar er núna einstakt tækifæri til að ná víðtækri sátt um verndun verðmætra náttúrusvæða landsins. Löngu er tímabært að íslensk stjórnvöld móti sér tíma- og tölusetta áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Græn atvinnustefna ætti að vera markmið stjórnvalda sem jafnframt ættu að stefna að því að Ísland verði fyrst þjóðríkja til að nota eingöngu hreina innlenda orku til húshitunar, í atvinnulífinu og í samgöngum innanlands.

Samfylkingin vill:

1. Rannsaka náttúru landsins alls, kortleggja verðmæt náttúrusvæði og tryggja verndun þeirra áður en frekari ákvarðanir verða teknar um aðra nýtingu.
2. Slá ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð.
3. Færa heimild til að veita rannsóknar- og nýtingarleyfi vegna virkjunaráforma úr höndum iðnaðarráðherra til Alþingis á meðan unnið er að gerð áætlunarinnar. Ákvörðunarvald um nýtingu losunarheimilda samkvæmt stóriðjusamákvæðinu við Kyoto-bókunina verði einnig fært til Alþingis.
4. Stækka Vatnajökulsþjóðgarð þannig að hann feli í sér Langasjó og allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum. Stækka friðlandið í Þjórsárverum í samræmi við tillögu Umhverfisstofnunar og í samráði við heimamenn.
5. Tryggja friðun Skjálfandaflióts, Jökulána í Skagafirði, Torfajökulssvæðisins, Kerlingarfjalla, Brennisteinsfjalla og Grændals.
6. Úthluta mengunarkvótum til stóriðju eftir sanngjörnum leikreglum og gegn gjaldi, þannig ekki sé gengið á svig við alþjóðlegar skuldbindingar, og kanna hvort ráðlegt sé að taka upp úthlutun og markað hjá öðrum losunarfyrirtækjum.
7. Beita hagrænum hvötum og öðrum áhrifaríkum aðferðum til að minnka notkun mengandi eldsneytis í samgöngum og hvetja til orkusparnaðar í sjávarútvegi með það að markmiði að gera Ísland óháð mengandi orkugjöfum.
8. Að mótuð verði sú stefna til framtíðar að hugsanlegar virkjanir fyrir stóriðju verði reistar á viðskiptalegum forsendum, í sérstökum félögum sem fjármagni sig á markaði og greiði sanngjarnt verð fyrir afnotarétt að auðlindum en njóti ekki ríkisábyrgðar.
9. Efla rannsóknir íslenskra aðila á vetni, metangasi og öðrum minna mengandi orkugjöfum í samgöngum.
10. Efla fræðslu til almennings um loftslagsmál og virkja krafta hans á þessu sviði.
11. Efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi til að afstýra hættulegum loftslagsbreytingum og kynna um leið íslenska tækni til að nýta hreina orku.
12. Efla rannsóknir á djúpbörun til að mæta megi aukinni orkuþörf án þess að ganga á verðmæta náttúru landsins.
13. Staðfesta Árósasamninginn frá 1998 og breyta íslenskum lögum til samræmis við hann, meðal annars þannig að almenningur og félagasamtök hans teljist hafa lögvarða hagsmuni á sviði umhverfisréttar.
14. Veita félagasamtökum á umhverfissviði sérstök framlög til að afla sérfræðiaðstoðar við umsagnir um skipulags- og umhverfismál.
15. Hvetja til ráðgefandi eða bindandi kosninga um ýmsa kosti í umhverfismálum.
16. Tryggja sveitarfélögum fjármagn til að vinna og fylgja eftir áætlun um sjálfbæra þróun í anda Staðardagskrár 21.
17. Efla fræðslu til fyrirtækja um umhverfisstjórnun og grænt bókhald.

18. Efla fræðslu til almennings og fyrirtækja um umhverfismerkingar á vörum og þjónustu.
19. Hvetja til aukinnar menntunar og rannsókna á sviði umhverfismála og orkumála.

Unga Ísland, fjölskyldan og endurreisn velferðarkerfisins

Jafn réttur og jöfn tækifæri allra íbúa landsins til að rækta hæfileika sína og nýta í þágu eigin velferðar, samfélags síns og komandi kynslóða er grundvallarforsenda þess að á Íslandi þrífist frjálst og réttlátt samfélag. Reynslan sýnir að þau samfélög þar sem jöfnuður og almenn velferð er mest eru jafnframt á meðal samkeppnishæfustu samfélaga heims. Ójöfnuður hefur aukist mjög á síðustu árum, almannatryggingakerfið er úr sér gengið, vinnutími meðalfjölskyldunnar er of langur og mörg íslensk börn upplifa sig afskipt. Þessu þarf að breyta.

Samfylkingin vill:

1. Móta opinbera, heildstæða stefnu í málefnum barna og ungmenna er byggi á rétti þeirra eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Bæta tannvernd barna með ókeypis forvörnum og eftirliti og auka verulega kostnaðarþátttöku ríkisins í tannlækningum barna.
3. Lengja fæðingarorlofið í eitt ár og tryggja börnum einstæðra foreldra sama rétt og öðrum börnum til samvista við foreldra
4. Þjóða foreldraráðgjöf og -fræðslu sem miðist við ólíkan aldur og þarfir barna í öllum sveitarfélögum í samstarfi við heilsugæslustöðvar og félagsþjónustu
5. Hækka barnabætur með því að draga verulega úr tekjutengingu þeirra.
6. Tryggja að öll börn geti tekið þátt í íþrótt-, tómstunda- og félagsstarfi
7. Efna til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög, grunnskóla, íþróttafélög og aðra sem bjóða upp á nám og tómstundir fyrir börn um leiðir til að stytta vinnudag fjölskyldunnar í því skyni að auka samvistir foreldra og barna.
8. Takast á við það alvarlega félags- og heilbrigðisvandamál sem misnotkun fíkniefna er og leggja aukna áherslu á meðferð og endurhæfingu vímuefnaneytenda.
9. Fjölga valkostum við meðferð barna og unglinga svo sem að veita hana á heimili í stað stofnana ef mögulegt er.
10. Auka viðbragðsflýti og markvissa íhlutun í mál unglinga í vímuefnavanda og barna í bráðum geðrænum vanda með aðgengilegri ráðgjöf og neyðarhjálp fyrir foreldra allan sólarhringinn.
11. Stórefla forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi, m.a. með auknu samstarfi við frjáls félagsamtök.
12. Flytja aukin verkefni á velferðarsviði til sveitarfélaga eða svæðisbundinna samtaka þeirra svo sem heilsugæslu, öldrunarmál, málefni fatlaðra og geðsjúkra.
13. Endurskoða almannatryggingakerfið með það fyrir augum að grunnframfærsla einstaklinga sé tryggð og leggja aukna áherslu endurhæfingu öryrkja.
14. Koma á 100.000 króna frítekjumarki fyrir lífeyrisþega.
15. Hækka aldurstengda örorkuuppbót um helming til að bæta kjör þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.
16. Fjölga búsetuúrræðum og búsetu með stuðningi fyrir fatlaða.
17. Að tekjur maka skerði ekki tryggingabætur lífeyrisþega.
18. Auka lagaheimildir lögreglu til öryggisráðstafana og aðgerða gagnvart kynferðisafbrotamönnum svo sem þeim sem reyna að lokka til sín börn með aðstoð Netsins.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi - í fremstu röð

Það á að vera sameiginlegt metnaðarmál íslensku þjóðarinnar að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði ávallt í fremstu röð og standi öllum jafnt til boða. Endurbæta þarf heilbrigðiskerfið með það að leiðarljósi að gera þjónustu þess markvissari og betri. Sjúklingar og þarfir þeirra eiga að vera í fyrirúmi en ekki stofnanir og hagsmunir þeirra. Mikilvægt er að leita stöðugt nýrra leiða til að laga þjónustuna að breyttum aðstæðum og nýjum þörfum en forsenda allra endurbóta í heilbrigðisþjónustu á að vera að markmið um gott aðgengi, jöfnuð, gæði, öryggi, afköst og hagkvæmni standi óhöggud. Þannig viðhöldum við grunngildum jafnaðarstefnunnar í heilbrigðisþjónustunni.

Samfylkingin vill:

1. Tryggja aðgengi allra landsmanna að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag.
2. Koma í veg fyrir tvöfalt kerfi í heilbrigðismálum þar sem hægt sé að kaupa sig fram fyrir röðina.
3. Leggja stórauðna áherslu á forvarnir í heilbrigðiskerfinu á öllum sviðum, hvetja með ýmsum hætti til heilbrigðari lífshátta og semja við þá aðila í heilbrigðisstétt sem er ósamið við svo sem tannlækna, sálfræðinga og hjartalækna.
4. Lækka lyfjaverð m.a. með lækun virðisaukaskatts og aukinni samkeppni í framleiðslu og sölu á lyfjum.
5. Bæta tannvernd barna með ókeypis eftirliti og forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna.
6. Stórauðna valfrelsi og endurhæfingu í heilbrigðiskerfinu.
7. Efla heilsugæslu, heimahjúkrun og heimaþjónustu og tryggja að ábyrgðin á þjónustunni sé á sömu hendi.
8. Fjölga faglærðu fólki sem starfar við hjúkrun m.a. með auknum aðgangi að menntun og betri starfsskilyrðum.
9. Nýta mannauð heilbrigðiskerfisins með því að efla heilbrigðisgeirann sem atvinnu- og útflutningsgrein og skoða kosti þess að gefa starfsfólki aukið rekstrarlegt sjálfstæði og ábyrgð.
10. Tryggja aðkomu geðsjúkra að ákvörðunum sem varða meðferð og úrræði í þeirra þágu, auka fjölbreytni í þjónustu við geðsjúka, geðrækt og eftirfylgni eftir meðferð.
11. Kostnaðargreina heilbrigðisþjónustu og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf sína og fjölda verka.
12. Auka vægi útboða og þjónustusamninga í heilbrigðisþjónustu en tryggja ætíð aðgengi að þjónustunni óháð efnahag.
13. Búa starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar þau skilyrði að það geti tekið faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á persónulegri þjónustu við notendur.
14. Breyta verkefnaskiptingu ráðuneyta og flytja málefni aldraðra og almannatryggingar frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.
15. Koma á heildarsýn yfir starf að vímuvörnum og meðferð fíkla. Stjórnvöld taki fjárhagslega og faglega ábyrgð á öllu meðferðarstarfi.
16. Stórsókn gegn neyslu ávana- og fíkniefna með aukinni áherslu á forvarnir annars vegar og meðferð og endurhæfingu í stað refsingar hins vegar.

Grunnur framtíðar - allir geta lært!

Góð menntun er forsenda áframhaldandi velferð og samkeppnishæfni íslensku þjóðarinnar. Hún er jafnframt lykillinn að tækifærum og innihaldsríku lífi hvers einstaklings. Þess vegna er það grundvallaratriði að öllum íbúum landsins gefist jöfn tækifæri á að sækja sér fyrsta flokks menntun og skapa þannig sjálfum sér og samfélaginu auð úr hæfileikum sínum. Samfylkingin ætlar að ráðast í menntasókn og stuðla að öndvegis menntun á öllum skólastigum.

Samfylkingin vill:

1. Stuðla að því að öllum börnum og ungmennum standi til boða gjaldfrjáls menntun frá leikskóla að háskóla.
2. Ráðast í fjárfestingaráttak á öllum skólastigum með það að markmiði að auka verðmæti landsframleiðslu á mann um 3-6% þegar áhrifin eru komin fram að fullu.
3. Endurskoða samræmd próf í grunnskólum og auka faglegt sjálfstæði grunn- og framhaldsskólanna til þróunar skólastarfsins innan ramma aðalnámsskrár.
4. Draga úr aðgreiningu á milli skólastiga, tryggja að hver nemandi fari á þeim hraða sem honum hentar í gegnum skólakerfið og fjölga þannig þeim nemendum sem geta útskrifast fyrir úr framhaldsskólum.
5. Þjóða upp á ókeypis námsbækur í framhaldsskólum í því skyni að auka jafnrétti til náms.
6. Taka upp viðræður við sveitarfélögin um að þau taki yfir rekstur framhaldsskólastigsins.
7. Styrkja framhaldsskólastigið með það að markmiði að fjölga nemendum sem ljúka námi í framhaldsskóla en þriðjungur nemenda líkur ekki formlegri menntun. Sérstaklega þarf að efla list- og verknám, námsráðgjöf og fjölga námsleiðum þannig að virkja megi hæfileika allra nemenda.
8. Auka framboð og bæta aðstöðu til fjarnáms á framhaldsskóla- og háskólastigi.
9. Auka valfrelsi nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi til að raða saman námi sínu með því að draga úr áherslu á miðstýrða kjarannámsskrá en aukna áherslu á valgreinar svo sem list- og verknám.
10. Tryggja að ríkið fjármagni listnám á framhaldsstigi eins og annað nám á framhaldsskólastigi.
11. Skapa nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem hafa stutta formlega skólagöngu og gera sí- og endurmenntuna að samofnum þætti menntakerfisins.
12. Byggja upp net háskólastofnana á landsbyggðinni.
13. Auðvelda aðkomu nemenda sem koma af vinnumarkaði í háskólanám með breytingum á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Endurskoða framfærslugrunn námslána og tryggja að hann endurspegli raunverulega framfærsluþörf námsmanna.
14. Breyta 30% námslána í styrk að loknu námi, afnema ábyrgðarmannakerfi á námslán og greiða námslán út mánaðarlega í því skyni að lækka vaxtakostnað námsmanna.
15. Beita sér fyrir því að skólagjöld í grunnnámi erlendis verði lánshæf
16. Tryggja öflugt háhraðanetsamband í alla skóla á landinu
17. Auka alþjóðlegt samstarf skóla- og vísindastofnana og vinna markvisst að því að bæta alþjóðlega samkeppnishæfni íslenska menntakerfisins.
18. Efla og endurskipuleggja íslenskukennslu fyrir útlendinga.
19. Skapa skýran ramma um starfsemi sjálfstætt starfandi grunnskóla til að bæta og skýra starfsumhverfi þeirra og tryggja að þeir grundvallist á aðalnámsskrá grunnskóla, innheimti ekki skólagjöld og standi öllum opnir.
20. Efla rannsóknir á leshömlun, umfangi hennar, afleiðingum og úrræðum.

Menning og listir – arfur og nýsköpun

Á sviði lista og menningar er það hlutverk stjórnmalanna að leggja vegi og byggja brýr, ekki að stjórna umferðinni. Menning hefur gildi í sjálfu sér, til lífsfyllingar, sem tjáning og sem sameiningarafl þjóðar eða annarrar heildar. Menningararfurinn er dýrmætur – en hann á að vera í stöðugri endurnýjun. Miklu skiptir að setja í öndvegi frumkvæði og sköpun. Samfylkingin telur að allir eigi að hafa jöfn tækifæri til þátttöku í menningarstarfi. Flokkurinn stendur vörð um menningarstofnanir þjóðarinnar en telur einnig mikilvægt að glæða frumkvæði meðal atvinnumanna og í grasrótinni.

Samfylkingin telur að nú verði að treysta undirstöður sköpunargreinanna, bæði hinn hefðbundna vettvang og þær starfsgreinar sem upp hafa sprottið á síðari árum og byggjast á samvinnun listrænnar tjáningar og nýrrar tækni. Jafnaðarmenn eru sannfærðir um að þekking, sköpunarkraftur, hefðir og hæfileikar eru mikilvæg auðlind fyrir íslenskt samfélag.

Samfylkingin vill:

1. Endurskoða stjórnýslu menningarmála frá grunni. Menningin er sjálfstætt hreyfiafl, ekki undirdeild í öðrum málaflokkum.
2. Treysta rekstrargrundvöll sköpunargreina á grundvelli rannsókna um hagræn umsvif menningar og lista. Athuga meðal annars skattamál og stoðkerfi með hliðsjón af aðbúnaði sprotafyrirtækja.
3. Efla starfslaunasjóðina, fjölga úthlutunum og lagfæra launaupphæð. Bæta starfsskilyrði sjálfstætt-starfandi listamanna, m.a. með samstarfi um vinnustofur og aðra starfsaðstöðu.
4. Skattleggja hluta tekna af hugverkum með svipuðum hætti og fjármagnstekjur.
5. Rýmka skattívilnanir til fyrirtækja, og einnig til einstaklinga, vegna framlags til menningar og lista, rannsókna, líknarfélaga og íþróttastarfs. Athuga hugmyndir um aukna ívilnun þegar fé er lagt í sjálfstæða faglega sjóði.
6. Þrefalda framlög í hinn nýja Bókmenntasjóð. Miðstöð bókmenntakynningar starfi í tengslum við sjóðinn. Sérstök framlög til stórvirkja í orðabóka- og handbókagerð.
7. Stofna útgáfusjóð tónlistarmanna, Gróskusjóð, sem stuðli að grósku og nýsköpun í tónlistarútgáfu og leggi sérstaka áherslu á að styrkja efnilega tónlistarmenn til fyrstu útgáfu. Kanna þátttöku ríkisins í miðstöð til stuðnings og samhæfingar fyrir nýgilda og sígilda tónlist í samvinnu við sveitarfélög og frumkvöðla. Efla dreifingar- og sölustarf Tónverkamiðstöðvar og styrkveitingar úr Tónlistarsjóði.
8. Auka framlög til sjálfstæðra leikhópa. Miðað við að þau jafngildi fjórðungi af framlaginu til Þjóðleikhússins.
9. Standa við loforð núverandi ríkisstjórnar um að efla Kvikmyndasjóð, Heimildamyndasjóð og Sjónvarpssjóð á næsta kjörtímabili.
10. Vinna eftir langtímaáætlun um kynningu íslenskrar menningar erlendis.
11. Efla uppbyggingu Listaháskólans og aðstoða við sameiningu hans í hentugt og glæsilegt húsnæði.
12. Ráðast í næsta stórvirki í safnamálum sem er bygging húss fyrir Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun Íslands. Byggingarframkvæmdir hefjist á kjörtímabilinu.
13. Efla fornleifasjóð og halda þannig áfram öfluglu starfi við gröft og rannsóknir sem niður féll við starfslok Kristnihátíðarsjóðs.
14. Kanna rækilega ástand og varðveislugildi torfhúsa sem enn standa. Athuga um alhliða vernd slíkra húsa í tengslum við menningartengda ferðamennsku og með stefnu á heimsminjaskrá UNESCO. Auka aðstoð við varðveislu annarrar byggingarlistar frá fyrri tímum.

15. Allar menningarstofnanir á fjárlögum hafi menntunarhlutverk og helgi sig að hluta til menningarstarfi og listmenntun barna og unglunga.
16. Menningarstarf og aðlögun innflytjenda verði styrkt með Fjölmenningsjóði sem veiti fé til að halda við eigin menningararf innflytjenda og kynna hann, hinsvegar að tileinka innflytjendum íslenskan menningararf og nútímamenningu.
17. Íslenska verði skilgreind í stjórnarskrá sem opinbert tungumál ásamt íslensku táknmáli. Mótuð stefna um stöðu alþjóðamála, norrænna mála og helstu tungumála nýbúa í stjórnsýslu og menntakerfi. Tryggt í löggjöf að allir íslenskir ríkisborgarar njóti almannþjónustu á móðurmáli sínu en standi ella til boða sérstök aðstoð.
18. Íslensk málstöð fái sérstakar fjárveitingar, og sjálfstætt vald við tillögugerð til ríkisstjórnar og þings um meginatriði málstefnu. Endurreistur sérstakur sjóður til rannsókna, vöruþróunar og markaðssóknar í tungutækni fyrir árin 2008–2018.
19. Lögin um Ríkisútvarpið endurskoðuð í samræmi við yfirlýsingu stjórnarandstöðuflokkanna frá í janúar og í ljósi reynslunnar af nýju fyrirkomulagi. Ríkisútvarpið verður sjálfstætt og öflugt almannaútvarp sem hefur forystuhlutverk á ljósvakavettvangi með innlendri dagskrárgerð, efni fyrir börn og unglunga, menningarmiðlun og fræðslu. Það er vettvangur lýðræðislegrar umræðu og leitast með ýmsum hætti við að vera spegill þjóðlífsins. Tryggt verði að auglýsingatekjur hafi ekki áhrif á dagskrárframboð Ríkisútvarpsins og rýri ekki um of svigrúm annarra ljósvakamiðla á þeim markaði, og athugaðir aðrir kostir til fjármögnunar en nefskattur núverandi ríkisstjórnar.

Lifandi Lýðræði

Lýðræði er hvort tveggja í senn, stjórnskipan og stjórnarhættir. Inntak og eðli lýðræðisins hvílir ekki einungis á því að formhlið stjórnskipunarinnar sé í lagi heldur ekki síður að vinnubrögð og viðhorf þeirra sem starfa í umboði þjóðarinnar, endurspegli virðingu fyrir lýðræðislegum gildum. Stjórnvaldsathafnir eiga að vera gagnsæjar, studdar málefnalegum rökum og lúta lýðræðislegu eftirliti. Þátttaka almennings í lýðræðislegri stjórn landsins á ekki eingöngu að vera bundin við kosningar á fjögurra ára fresti og þróa þarf leiðir til að almenningur geti haft aukin áhrif á pólitíska umræðu og ákvarðanir.

Samfylkingin vill:

1. Jafna atkvæðisrétt landsmanna með því að gera landið að einu kjördæmi.
2. Breyta reglum um skipan hæstaréttardómara með það að leiðarljósi að dómara séu eingöngu valdir á faglegum grundvelli og skýr aðskilnaður sé á milli framkvæmda- og dómsvalds.
3. Skerpa á aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds t.d. með því að ráðherrar gegni ekki þingmennsku.
4. Binda í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum sem tryggi að nýtingarrétti sé aðeins hægt að úthluta tímabundið gegn gjaldi.
5. Endurskoða lög um ráðherraábyrgð, m.a. skilyrði refsíábyrgðar, grundvöll hennar og aðferðir við ákæru til að skýra og auka ábyrgð ráðherra.
6. Heimila rannsóknarnefndir Alþingis, sem hafi víðtækt umboð og rannsóknarvald, til að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdavaldinu.
7. Vernda með lögum heimildarmenn fjölmiðla er upplýsa um mál er varða almannahagsmuni og eiga brýnt erindi til almennings.
8. Skilgreina lagalegar skyldur og réttindi fjölmiðla og fréttamanna með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir lýðræðislega, opna og gagnrýna umræðu.
9. Standa vörð um málskotsrétt forseta Íslands.
10. Móta stefnu stjórnvalda um framsal fullveldis og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Breytingar á stjórnarskrá eiga að endurspeglja þá stefnu.
11. Tryggja rétt til þjóðaratkvæðagreiðslna og beins lýðræðis í stjórnarskrá.
12. Styrkja sjálfstæði Alþingis með það að markmiði að auka áhrif þess á stefnumótun ríkisins og frumkvæði í lagasetningu.

Mannréttindi í verki

Allir menn fæðast jafnir og frjálsir. Þetta er í senn hugmyndafræðilegur grunnur allra mannréttinda og kjarni jafnaðarstefnunnar. Til mannréttinda heyrir einnig að njóta menntunar, heilbrigðisþjónustu, húsnæðis og félagslegs öryggis og hér á landi njóta réttindi borgaranna til lífs, frelsis, eigna og tjáningar verndar stjórnarskrárinnar. Þar er einnig að finna bann við hvers konar mismunun, hvort sem er á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kyns eða kynhneigðar. Þegar mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar var breytt 1994 var þó horft framhjá ýmsum ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála um svonefnd félagsleg og menningarleg mannréttindi en þannig hefur Ísland til að mynda ekki enn lögfest sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Brýnt er að stjórnvöld sýni mannréttindum stuðning í verki m.a. með því að tryggja þeim stofnunum og félagasamtökum, sem fylgjast með því að mannréttindi séu virt, viðunandi starfskilyrði.

Samfylkingin vill:

1. Lögfesta sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
2. Setja fjármagn til mannréttindamála á fjárlög til að gera mannréttindasamtök óháð geðþóttavaldi ráðherra
3. Tryggja að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra.
4. Leggja sérstaka áherslu á að betur sé tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því gert kleift að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, rækta menningu sína og miðla henni.
5. Tryggja réttindi fatlaðra þannig að þeir búi við sambærileg lífskjör og aðrir þjóðfélagsþegnar, geti lifað eðlilegu lífi og haslað sér völl í samfélaginu á öllum sviðum.
6. Kveða skýrt á um það í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar að mismunun á grundvelli kynhneigðar sé óheimil.
7. Tryggja rétt samkynhneigðra til að ganga í hjónaband.
8. Tryggja jafna stöðu útlendinga á vinnumarkaði og innan stéttarféлага og koma í veg fyrir félagsleg undirboð á vinnumarkaði.
9. Beita sér fyrir að atvinnuleyfi fólks af erlendum uppruna verði bundið persónulega við viðkomandi einstakling en ekki vinnustað og vinnuveitanda.
10. Stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og námi innflytjenda í samráði við skóla og atvinnulíf. Votta þarf nám og starfsreynslu innflytjenda og benda á námsleiðir sem brúa bil milli menntunar erlendis frá og þarfa íslensks atvinnulífs.
11. Setja á fót miðstöð innflytjendamála þar sem innflytjendur geta nálgast allar upplýsingar, vottorð og leyfi á einum stað.
12. Tryggja að allar ráðningar erlends verkafólks hingað til lands séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.
13. Þjóða upp á gjaldfrjálsa íslenskukennslu á vinnutíma og samfélagsfræðslu og námskeið, í samstarfi við sveitarfélög, um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi til að auðvelda erlendu fólki að fóta sig í nýju landi.
14. Leggja áherslu á að börn innflytjenda fái sömu tækifæri og þjónustu og íslensk börn, m.a. með stórauðinni áherslu á íslenskukennslu, aukinni aðstoð við innflytjendur á unglingsaldri og áherslu á foreldrasamvinnu vegna barna af erlendum uppruna á öllum skólastigum.
15. Nýja og framsækna stefnu í fangelsismálum með áherslu á mannrækt í stað refsingar.

Ísland og umheimurinn

Hagsmunum Íslands er best borgið með því að samskipti þjóða byggist sem mest á samstarfi og samráði innan alþjóðastofnana sem fari fram á grundvelli alþjóðalaga og samþykkt. Ísland á því að kappkosta að taka virkan þátt í starfsemi alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Norðurlandaráð, Atlantshafsbandalagið, Heimsviðskiptastofnunina, Evrópuráðið og Evrópusambandið.

Verkefni nýrrar aldar á vettvangi alþjóðamála eru mörg og mikilvæg. Hnattvæðingin felur í sér mikil tækifæri sem okkur Íslendingum ber að nýta þjóðinni til hagsbóta. Okkur ber þó ekki síður að vinna að jöfnum rétti allra til ókeypis grunnmenntunar og aðgangs að heilsugæslu. Það gerum við best með öflugum starfi innan alþjóðastofnana með skýrri sýn á pólitísk markmið okkar um frelsi, jöfnuð og sanngjarnar leikreglur í samskiptum ríkja og einstaklinga á nýrri öld.

Samfylkingin vill:

1. Að utanríkisstefna þjóðarinnar sé mótuð í ljósi þjóðarhagsmuna og sé sæmandi sjálfstæðri og stórhuga þjóð.
2. Gæta faglegra sjónarmiða við ráðningar starfsmanna í utanríkisþjónustuna, auka aðhald í rekstri hennar, hagræða í rekstri hefðbundinna sendiráða og auka vægi viðskiptaþjónustu í starfi þeirra.
3. Taka Ísland af lista hinna staðföstu þjóða og draga þannig formlega til baka stuðning Íslands við ólöglegt stríð í Írak.
4. Að hafinn verði undirbúningur að umsókn um aðild að Evrópusambandinu með það að markmiði að taka upp samningaviðræður sem fyrst. Unnið verði að víðtækri samstöðu meðal þjóðarinnar um samningsmarkmið sem látið verði reyna á í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Samningsniðurstöður verði lagðar undir þjóðaratkvæði.
5. Móta stefnu í öryggis- og varnarmálum út frá íslenskum hagsmunum. Í því felst að taka upp viðræður við Bandaríkin um endurskoðun nýgerðra viðauka við varnarsamninginn og efna til víðtæks samráðs við bandalagsríki innan Atlantshafsbandalagsins um framtíðarfyrirkomulag öryggismála á Norður-Atlantshafi.
6. Að Ísland taki áfram virkan þátt í starfi að friði og öryggi í Evrópu innan Atlantshafsbandalagsins, ÖSE og Evrópuráðsins.
7. Að Ísland axli eðlilegan hlut í friðargæslu og leggi þar af mörkum í samræmi við reynslu, þekkingu og efnahagslega getu.
8. Verja 0,7% vergrar þjóðarframleiðslu til þróunarsamvinnu á næsta áratug og gera framlag Íslands markvissara.
9. Að Ísland leggi sérstaka áherslu á að bjóða fram aðstoð í uppbyggingu innviða þróunarríkja.
10. Aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum og auðvelda aðgang fátækari ríkja að þróuðum mörkuðum.
11. Beita sér fyrir aukinni áherslu á félagsleg og menningarleg réttindi launafólks í viðskiptasamningum innan vébanda Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO).
12. Leggja áherslu á að alþjóðasamfélagið viðurkenni sjálfstætt ríki Palestínnumanna og leggist á eitt um að skapa varanlegar forsendur fyrir friði og lýðræði í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs.

13. Að Ísland verði miðstöð friðarumræðu, alþjóðlegra ráðstefna og funda fræðimanna og stjórnámálaleiðtoga um þau efni.
14. Að Ísland verði í forystu ríkja sem vilja styrkja þjóðarétt og virðingu fyrir alþjóðalögum og -samningum.
15. Ísland hafi forgöngu um að vinna að því að settar verði skýrar reglur í alþjóðalögum um hernaðaríhlutun af mannúðarástæðum.